

**Fasteignagjöld álagningarprósentur 2021.** Lögð fram tillaga að álagningarprósentu Fasteignagjalda í sveitarfélaginu 2020.

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,45% af heildar fasteignamati.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32 % af heildarfasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati.

Gjalddagar fasteignagjalda 2021 verði 10. í samræmi við það sem lög og reglur heimila.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Samkvæmt 3.grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmið er í lið 7.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2020 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1.des 2019 til 1.des 2020.